

Ólína Þorvarðardóttir: Háskóla í hvert hérað.

Erindi á málþingi Byggðastofnunar á Grand Hótel í Reykjavík, föstudaginn 28. Nóvember.

Ráðstefnustjóri – góðir ráðstefnugestir.

Vísindin efla alla dáð - þessi fleygu orð Jónasar Hallgrímssonar eru kjörorð Háskóla Íslands; æðstu menntastofnunar landsins sem varð til í upphafi síðustu aldar, á tímum þegar það var helsti metnaður þeirra sem sinntu menntamálum að þjóðin yrði sjálfri sér nóg um menntaða embættismenn. Mikið vatn er til sjávar runnið frá þeim tíma, og áherslur hafa vissulega breyst varðandi gildi menntunar og tilgang. En dagskipanin á þessum upphafsárum var engu að síður háleit.

„Sú kemur tíð – að sárin foldar gróa“ sagði Hannes Hafstein og brá upp fagurri framtíðarsýn þar sem menningin vex í „lundum nýrra skóga“.

Lýðháskólahugsjónin

Í síðustu geislum upplýsingastefnu sem hundrað árum áður skein skærast, og undir áhrifum frá lýðháskólastefnunni á Norðurlöndum, var komið upp héraðsskólum víðsvegar um landið. Tilgangur þeirra var að veita ungu fólki í sveitum landsins tækifæri til að afla sér fjölbreyttrar menntunar eftir skyldunám. Við þessa skóla risu íþróttamiðstöðvar sem skyldu stuðla að því að unga fólkið héldist um kyrrt í heimahögum.

Um þetta leyti var aðeins einn menntaskóli á landinu, það var Menntaskólinn í Reykjavík. Jónas Jónasson frá Hriflu beitti sér fyrir því sem menntamálaráðherra að Gagnfræðaskólinn á Akureyri fékk einnig að brautskrá stúdenta, enda var Akureyri þá orðinn annar höfuðstaður landsins. Jónas vildi skapa mótvægi við Menntaskólann í Reykjavík sem átti fyrst og fremst að kenna latínugreinar en Menntaskólinn á Akureyri skyldi sinna nútímafræðum og almennum

námsgreinum. Samhliða þessu vildi Jónas eflingu héraðsskólanna þar sem kenndar yrðu hagnýtar greinar og þjóðleg fræði.

Hugmyndir Jónasar frá Hriflu áttu sér fyrirmyndir í örri skólaþróun nágrennalanda okkar. Svo leið tíminn og hlutverk héraðsskólanna breyttist í samræmi við búsetubreytingar og aðra samfélagsþróun. Menntaskólunum fjölgaði, þeir færðust einnig út á landsbyggðina og urðu flestir að fjölbrautaskólum sem buðu bæði bóklegt og verklegt nám. Aftur þótti ástæða til að koma til móts við námsþarfir ungmenna úti um landið án þess að valda þeim of mikilli búseturöskun.

Þeir drituðu niður menntaskólum

Það var á áttunda áratug síðustu aldar – um það leyti sem Menntaskólinn á Ísafirði var nýstofnaður – sem ég, þá unglingur í uppskipunarvinnu, heyrði á tal veðurbitins hafnarverkamanns: „Þeir eru að drita niður þessum menntaskólum í alla landshluta“ sagði hann og hristi hausinn yfir menntskælingunum sem fóru nú um götur bæjarins og voru farnir að sníkja helgarvinnu hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga. Honum var ekki skemmt gamla manningum.

En, ég man vel hvernig bærinn fylltist af ungu fólki sem kom hvaðanæva að til að sækja nám við Menntaskólann á Ísafirði – að ekki sé talað um þann vaska hóp kennara sem fylgdi þeim skólameistarahjónunum Jóni Baldvini Hannibalssyni og Bryndísi Schram. Þetta fólk setti svip sinn á menningar- og félagslíf bæjarins. Hvílk lyftistöng sem þessi stofnun var - sannkölluð vítamínsprauta.

Nú, tæpum fjórum áratugum síðar, þykir sjálfsagt að hafa framhaldsskóla í hverju héraði, rétt eins og héraðsskólarnir voru sjálfsagðir áður. En samt vantar eitthvað enn. Hvað skyldi það nú vera? Um það geta verið skiptar skoðanir.

Það vantar allan „kompítens“ á Vestfjörðum sagði menntamálaráðherra við mig og nokkra fulltrúa Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á fundi um uppbygginu háskólastarfs á Vestfjörðum fyrir fáum árum. Ég var þá stjórnarformaður Fræðslumiðstöðvarinnar. *Kompítens* - þetta ljóta útlenska orð yfir hæfileika, þekkingu og getu, ómaði í höfðinu á mér lengi eftir þennan fund og eiginlega

hét ég því þá að einhvern daginn skyldi þessi fullyrðing verða afsönnuð og hún ómerkt. Því á meðan við ekki trúum því að „kompítensinn“ sé til staðar á landsbyggðinni þá trúum við ekki á land í byggð.

Trúum við á land í byggð?

Og það er í raun það sem málið snýst um. Viljum við halda landinu í byggð? Trúum við því að á landinu búi fólk með hæfileika, þekkingu og getu?

Sú var tíðin að hinar dreifðu byggðir landsins voru uppspretta nýsköpunar í atvinnulífi. Víða við sjávarsíðuna voru frumkvöðlar og framkvæmdamenn sem skópu nýja framtíð og lögðu undirstöður að þéttbýlismenningu í lifandi samfélögum um alla firði. Menn stunduðu landbúnað og sóttu sjóinn. Þeir stunduðu framleiðslugreinar sem byggðu á aðgengilegum auðlindum, ekki síst fiskinum í sjónum. Þetta var í þá daga þegar gamla uppskriftin að öflugum atvinnulífi og blómlegri byggð var við lýði. Sú uppskrift er sú sem Karl Benediktsson lýsir svo skilmerkilega:

Taktu stað þar sem finna má nóg af náttúruauðlindum (t.d. fiski, olú, vatnsafl, ræktanlegu landi) ... hrærðu fjármagn og vinnuafli kröftuglega saman við auðlindina í stutta stund ... byggðu stóra verksmiðju til að breyta hráefninu í iðnaðarvöru ... þá flykkist fólk að... og upp spretta bakarí og bílverkstæði og bíó og barir... ..og byggðarlagið vex og vex og vex!

Þarna er byggt á hinn heilögu þrenningu: Náttúruauðlindir, fjármagn, vinnuafli (+ góð staðsetning)

En leikreglurnar hafa breyst. Samfélagið hefur breyst og þær auðlindir sem áður voru okkur svo nærtækar til atvinnusköpunar eru það ekki lengur. Afleiðingin er alvarleg byggðaröskun. Á Vestfjörðum einum töpuðust 400-500 störf á örfáum árum eftir setningu kvótakerfisins.

Þau byggðarlög sem nú eiga svo mjög í vök að verjast hafa aðeins einn kost. Hann er sá að finna og hagnýta nýjar auðlindir á borð við þekkingu og mannauð. Mannauður er ekki hráefni – mannauður er afurð. Það er ekki hægt að segja að þar sem margir koma saman þar sé mannauður sbr orð Ólafs Pá er hann sagði: *Því verri þykja mér heimskra manna ráð er fleiri koma saman.* Mannauður verður einungis til á grundvelli þeirrar þekkingarsköpunar og menningar sem hlýst af menntun.

Við skulum draga upp annan þríhyrning: Þar höfum við sögu og menningu, mannauð og félagsauð saman komin í einu mengi í námunda við þekkingu. Og ef við nú hrærum þessum tveimur mengjum saman, eins og á þessari glæru sem ég tók traustataki hjá Karli Benediktssyni, þá má segja að við séum komin með uppskrift að öfluglu atvinnulífi – blómlegri byggð.

Þetta er í samræmi við það sem Evrópuþóðirnar hafa sett sér og birtist t.d. í því markmiði Evrópusambandsins sem sett var í Lisabon árið 2000 að færa aðildarlöndin í átt „að samkeppnishæfu þekkingarsamfélagi sem getur haldið uppi hagvexti, skapað fleiri og betri störf og tryggt félagslegt jafnvægi“. Í þessu sambandi vil ég nefna hugtakið *þekkingarhagkerfi* sem Lilja Mósesdóttir fjallaði m.a. um í erindi sem hún flutti á aðalfundi Stofnunar Fræðasetra HÍ nú í sumar.

Í þekkingarhagkerfi eru söfnun, úrvinnsla og miðlun upplýsinga með tiltækri tækni og þekkingu ein helsta uppspretta hagvaxtar. Í þekkingarhagkerfinu fara saman mikil þjónusta, fjölgun þekkingarstarfa og sveigjanleg fyrirtæki og aukið samstarf þeirra á milli.

Aftur vil ég vitna til Karls Benediktssonar sem hefur sett upp þetta skema hér: Við sjáum hvernig andstæðurnar skjalfest þekking, og þögul þekking kallast á annarsvegar, hnattræn þekking og staðbundin þekking, hinsvegar og loks það sem kalla mætti vísindin andspænis brjóstvitinu. Á grundvelli hnattrænnar, skjalfestrar, vísindalegrar þekkingar sem við sjáum hér vinstra megin afla menn fjár – þegar þekkingin sem við sjáum hægra megin, og dylst í verklagi, búskaparhátum og ósýnilegri menningararfleifð sem kennir fólki að nota brjóstvitið og vitneskju sem hvergi er skráð er ekki metin til fjár. Hún er bara eitthvað sem *er* og hefur alltaf verið – líkt og náttúran. Þessi mynd sýnir okkur aðstöðumun stórra samfélaga og smárra. Hún sýnir okkur um hvað málið snýst.

Þekkingarflæði til landsbyggðar

Það snýst um þekkingarflæði. Þekkingarflæði er jafn lífsnauðsynlegt byggðum landsins og samgöngur og rafmagn. Landsbyggðin á Íslandi má ekki lokast inni þekkingarlega séð. Geri hún það, þá visnar hún frá – þá verður engin byggð utan höfuðborgarsvæðisins eftir tuttugu ár.

Hvað viljum við með þessa landsbyggð? Viljum við að hún verði verstöð þar sem innflutt vinnuafli eða atvinnulausir Reykvíkingar geta sótt í tímabundin framleiðslustörf; að öðru leyti sumarhúsabyggð fyrir ríka Reykvíkinga og laxveiðimenn? Eða á hún að verða lífvænlegur vettvangur fyrir framtíðarbyggð?

Myndin sem ég bregð upp núna er fengin hjá Lilju Mósesdóttur og sýnir okkur hvernig mannauðurinn á Íslandi skiptist milli landshluta: Það sjáum við hvernig stjórnendur, embættismenn, sérfræðingar og sérmenntað starfsfólk hafa safnast upp á höfuðborgarsvæðinu, meðan störf í framleiðslugreinum eru flest á landsbyggðinni (þeim hefur þó farið fækkandi). Í þeirri kreppu sem framundan er á þessi munur eftir að aukast enn frekar. Það þýðir atgerfisröskun – atgerfismismunur. Sú mismunur er ósanngjörn, vegna þess að hún er ekkert náttúrulögmál, hún mannanna verk.

Eina svarið – eini mótleikurinn sem við eigum, ef við ætlum að halda landinu í byggð, er menntun, menntun og meiri menntun. Og nú er ég að tala um háskólamenntun.

Bæði OECD og Evrópusambandið leggja áherslu á byggingu háskóla til að tryggja svæðisbundna þróun; til að flytja þekkingu inn og út af svæðum; til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og samfélaga; og draga úr þörf dreifbýlisins fyrir “innflutta” sérfræðinga. Hvað myndi þetta þýða í störfum á landsbyggðinni? Lítum á það.

Árið 2007 voru tæplega 15 þús. nemendur skráðir í háskólanám (dagskóla) - 91% (13.344) þeirra stunduðu nám í Reykjavík en einungis 9% (1.375) úti á landi. Á landsbyggðinni búa 37% landsmanna (116.812). Ef jafn stórt hlutfall háskólanema sækta sitt nám úti á landi væru það 6.460 manns sem kalla á 1.615 kennarastöður sem að stærstum hluta þyrfti að flytja út á land. Það munar um minna en á annað þúsund störf!

Góðir fundarmenn.

Það vill svo skemmtilega til að afkomandi hafnarverkamannsins sem ég vitnaði til áðan vinnur í sama húsi og ég, Háskólasetri Vestfjarða. Hann er menntaður maður, en sjaldan fellur eplið langt frá eikinni. Um daginn var verið að ræða þessi mál á kaffistofunni og þá sagði hann: „Finnst þér

Ólína, að það eigi bara drita þessum háskólum niður um allt land?“ Ég horfði beint í hneyksluð, gneistandi augun og sagði: Já. Svo hélt ég áfram:

„Það eru sjálfsgöð mannréttindi þeirra sem hér búa, þeirra ungmenna sem hér hafa lokið sinni menntaskólagöngu og eru óráðin um framtíð sína, að geta sótt grunnháskólanám í sínu byggðarlagi. Það eru sjálfsgöð réttindi þessa byggðarlags að geta boðið upp á mannsæmandi háskólamenntun þeim sem hér búa og öðrum sem hingað viðlja koma. Hér eigum við vistkerfi og fiskimið sem eru náttúruleg rannsóknarstofa, söguslóðir sem eru nærtækur rannsóknarvettvangur. Hér býr mikil verkþekking í sjávarútvegi – hér hafa sögulegir atburðir gerst sem erlendir vísindamenn ættu að rannsaka og kynna sér á staðnum en ekki í erlendum bókasöfnum. Já - eins og þegar Hriflu Jónas dritaði niður héraðsskólum um allt landið og sporgöngumenn hans framhaldsskólunum, þá er núna röðin komin að háskólunum.“

Hann horfði á mig eins og ég hefðu tapað vitinu – en ég sá samt hvernig hneykslunarglóðin íu augnaráðinu breyttist smám saman í skilningsneista. Og sú ræða sem ég flutti þarna yfir kaffibollanum um háskóla á Vestfjörðum á við um allar byggðir landsins. Þetta er engin goðgá

Háskóla í hvert hérað

Menntun og þekkingarsköpun er ekki bara eitthvað sem er göfugt og gott í sjálfri sér – eitthvað sem tala má um í hátimbruðum þjóðremburæðum. Menntun er nú þegar orðin útvegur. Sjáið bara allar endur- og símenntunarstöðvarnar sem hafa sprottið upp um landið. Sjáið þróunina sem er að verða í menningartengdri ferðaþjónustu um alla Evrópu, þjónustu sem byggir fyrst og remst á þekkingu og menningarsögu. Sjáið allar ráðgjafastofurnar og þróunarmiðstöðvarnar sem búa yfir færni til þekkingarsköpunar og geta sett verðmiða á sitt svokallaða „Know How“ .

Svo ég tali nú bara eins og harðsvíraður businessmaður: Menntun og þekkingarsköpun eru útvegur og sá útvegtur á vaxandi möguleika í nútímasamfélagi. Þetta er kannski eini vænlegi fjárfestingarkosturinn sem eftir er til þess að styrkja byggð og skapa mannvænleg búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

Þannig að ef ég verð aftur spurð hvort það eigi að drita niður háskólunum um landið, þá svara ég enn sem fyrr: Já – og setjum háskóla niður í hvert hérað.

Ísafirði, nóvember 2008.